



Bæjarstjórn Garðabæjar 7. (866)/2020

Boðað er til 7. (866). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 16. apríl 2020 kl. 17:00. Fjarfundur samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Dagskrá:

1. 2004004F - Fundargerð bæjarráðs frá 7/4 '20.
 - 2001499 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfi) vegna lóðarinnar við Eikarás 10.
 - 1804367 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 - Vífilsstaðaland-rammahluti aðalskipulags.
 - 1910311 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla.
 - 2001464 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Bæjargils vegna atvinnuhúsalóðar við Gilsbúð.
 - 2001465 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra vegna breytinga á landnotkun lóða við Bergás og Brekkuás fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk.
 - 2003384 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Silfurtúns vegna lóðarinnar við Aratún 36.
2. 2003040F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 3/4 '20.
3. 2004007F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 8/4 '20.
4. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 30/3 '20.
5. 2001494 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 25/3 '20.
6. 2001357 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 30/3 '20.
7. 2004142 - Tillaga Garðabæjarlistans um vinnureglu þegar kemur að viðburðum líkt og opnunum og upphafi framkvæmda (skóflustungum) á vegum Garðabæjar.
8. 2004084 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um vöru- og þjónustukaup 2019.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
6. (865). fundur 2020

Fimmtudaginn 2. apríl 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fjarfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Á fjarfundi voru: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 19. mars 2020 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1911325 - Ársreikningur Garðabæjar 2019 – síðari umræða

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri kvaddi sér hljóðs og ræddi niðurstöður ársreiknings. Bæjarstjóri lagði til við bæjarstjórn að samþykkja ársreikning Garðabæjar fyrir árið 2019.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls. Gunnar Valur færði starfsfólki bæjarins þakkir fyrir þátt í góðum og traustum rekstri Garðabæjar.

Björg Fenger, tók til máls.

Almar Guðmundsson, tók til máls.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók til máls.

Sigurður Guðmundsson, tók til máls.

Ingvar Arnarson, tók til máls.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, tók til máls.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls að nýju..

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða við síðari umræðu ársreikning Garðabæjar fyrir árið 2019 samkvæmt 61. gr. sveitarstjórnalaga nr. 138/2011, sbr. 2. tl. 1. mgr. 18. gr. laganna.

Samþykktinni til staðfestingar er ársreikningurinn undirritaður með rafrænni undirskrift af bæjarfulltrúum.

2. 2003030F - Fundargerð bæjarráðs frá 24/3 '20.

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., Covid19 - neyðarstig almannavarna og þakkaði starfsmönnum bæjarins fyrir þeirra þátt við halda úti órofinni starfsemi gagnvart viðkvæmum hópum. Nefndi Almar sérstaklega starfsmenn fjölskyldusviðs í þessu sambandi.

Björg Fenger, ræddi 1. tl., Covid19 - neyðarstig almannavarna og 16. tl., tilkynningu frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi ferðavenjukönnun.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., Covid19 - neyðarstig almannavarna og færði starfsmönnum skólanna, skólastjórnendum og starfsmönnum á fræðslu og menningarsviði þakkir fyrir þeirra mikilvægu störf við að skipuleggja og halda úti starfsemi skólanna við þessar erfiðu aðstæður.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., Covid19 - neyðarstig almannavarna.

Fundargerðin sem er 19 tl., er samþykkt samhljóða.

3. 2003035F - Fundargerð bæjarráðs frá 31/3 '20.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 4. tl., Covid19 - fjárhagslegar aðgerðir og tók undir þakklæti til starfsmanna bæjarins fyrir þeirra störf við þessar erfiðu aðstæður.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 4. tl., Covid19 - fjárhagslegar aðgerðir, 7. tl., tilboð í lóðir á miðsvæði Álftaness og 9. tl., umsókn um framkvæmdaleyfi vegna gatnagerðar við Breiðumýri.

Gunnar Einarsson, ræddi 4. tl., - Covid19 - fjárhagslegar aðgerðir.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 8. tl., opnun tilboða í gatnagerð í Eskiási og 4. tl., Covid19 - fjárhagslegar aðgerðir.

Ingvar Arnarson, ræddi 4. tl., Covid19 - fjárhagslegar aðgerðir.

Almar Guðmundsson, ræddi 4. tl., Covid19 - fjárhagslegar aðgerðir.

Gunnar Einarsson, ræddi að nýju 4. tl., Covid19 - fjárhagslegar aðgerðir.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi að nýju 4. tl., Covid19 - fjárhagslegar aðgerðir.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl., Covid19 - fjárhagslegar aðgerðir.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 4. tl., Covid19 - fjárhagslegar aðgerðir.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi að nýju 4. tl., Covid19 - fjárhagslegar aðgerðir. Þá ræddi Gunnar Valur 8. tl., opnun tilboða í gatnagerð í Eskiási.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir að gjalddögum fasteignaskatta og fasteignagjalda ársins verði fjölgað til að létta mánaðarlega greiðslubyrði íbúa og atvinnulífs.

Eftirstöðvum ógjaldfallinna fasteignaskatta og fasteignagjalda ársins fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnaði verður dreift á mánuðina apríl/maí til desember og mun því gjalddagi fasteignagjalda í apríl (eindagi 15. maí) færast til 15. maí 2020 (eindagi 15. júní). Þetta er gert til þess að létta undir með þeim aðilum sem nú þegar hafa fundið fyrir eða munu finna fyrir tekjufalli vegna þeirra efnahagsaðstæðna sem nú ríkja. Eigendur atvinnuhúsnaðis sem hafa orðið fyrir verulegu tekjutapi geta sótt um frestun allt að þriggja gjalddaga fasteignaskatta og fasteignagjalda sem færast þá á fyrstu mánuði ársins 2021. Með verulegu tekjutapi er átt við að minnsta kosti 25% tekjufalli milli sömu mánaða á árunum 2019 og 2020.

Bæjarstjórn samþykkir að veita leyfi til framkvæmda fyrir gatna- og stígagerð ásamt lagningu veitumannvirkja í Breiðumýri. Einnig er um að ræða leyfi til framkvæmda fyrir losun allt að 6.000 m³ af jarðvegi í Glerhalladýi sem er svæði á landnotkunareit 1.07 íþ í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2020.

Um er að ræða efnislosun þar sem gert er ráð fyrir 6.000 m³ á 6.100 m² svæði þá er það ákvörðun bæjarstjórnar að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Vísast þar til 3. mgr. 4. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 en framkvæmdin fellur undir lið 2.04 í 1.viðauka laganna sem fellur í flokk C. Það er því í verkahring sveitarfélagsins að taka ákvörðun um matsskyldu.

Framkvæmdir í Breiðumýri eru í samræmi við deiliskipulagsáætlanir sem bæjarstjórn hefur samþykkt og hafa tekið gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1235/2019.

Bæjarstjórn samþykkir að veita leyfi til framkvæmda fyrir gatnagerð ásamt lagningu veitumannvirkja við Eskiás. Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulagsáætlanir sem bæjarstjórn hefur samþykkt og hafa tekið gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 889/2019.

Fundargerðin sem er 14 tl., er samþykkt samhljóða.

4. 2001357 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 17/2, 3/3, 13/3 og 23/3 '20.

Sara Dögg Svanhildardóttir ræddi hagræðingarverkefni og spurði nánar um stöðu málsins.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi hagræðingaverkefni og sagði að fyrirhugað er að kynna bæjarfulltrúum niðurstöður og tillögur. Þá sagði Jóna frá því að gas- og jarðgerðarstöðin væri tilbúin og nú væri verið prufukeyra stöðina.

Almar Guðmundsson, ræddi stöðu mála varðandi gas- og jarðgerðarstöðina og sölu á metani.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi stöðu mála varðandi flokkun á tímum Covid19.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi sama mál. Þá ræddi Jóna stöðu mála varðandi gas- og jarðgerðarstöðina og sölu á metani.

Björg Fengler, ræddi stöðu mála varðandi gas- og jarðgerðarstöðina og sölu á metani.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 13/3 '20.

Björg Fengler, ræddi 2. tl., ársreikning 2019.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 2003480 - Fundargerð 22. eigendafundar Strætó bs. frá 25/3 '20.

Björg Fengler, ræddi 1. tl., breytingar á þjónustu vegna áhrifa Covid19 á notkun Strætó.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 1811108 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 11/3 '20.

Fundargerðin er lögð fram.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti en undirrituð þegar bæjarráð kemur saman að nýju samkvæmt hefðbundnu fundarformi.

Bæjarráð Garðabæjar
14.(1923). fundur 2020

Þriðjudaginn 7. apríl 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fjarfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020..

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Almar Guðmundsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001444 - COVID19 - neyðarstig almannavarna.

Bæjarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi áhrif af Covid19 og greindi frá að samkomubann hefur verið framlengt til 4. maí nk. Bæjarstjóri sagði frá að verið er að fara yfir tillögur sviðstjóra um hagræðingu í rekstri til að mæta samdrætti í tekjum. Fram kom að gert er ráð fyrir að næstu tvær til þrjár vikur geti verið mjög erfiðar og það geti reynt á þolmörk á ýmsum sviðum. Í því sambandi þurfum við að skoða vel starfsemina á fjölskyldusviði, stöðuna í skólunum, sorphirðumál og starfsmannamál. Gerður hefur verið listi yfir starfsmenn Garðabæjar sem mögulega er hægt flytja milli starfa til að mæta veikindum eða sinna nauðsynlegum verkefnum. Bæjarstjóri sagði einnig frá samstarfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu við úrlausn margra verkefna. Stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er að undirbúa að eiga samtal við ríkið um hvernig stutt verður við starfsemi sveitarfélaganna.

Sviðsstjórar fóru yfir stöðu mála á sínum sviðum.

Félagsmálastjóri sagði frá því að verið er að hringja í eldri borgara og í forgangi eru þeir sem búa einir. Heimþjónustan sinnir reglulega þjónustu við um 280 heimili en um 50 heimili hafa afpantað heimþjónustu. Í undirbúningi er að gera það aðgengilegt á vef Garðabæjar að tilkynna brot og vanrækslu gagnvart börnum. Bæjarverkfræðingur sagði frá því að starfsemi sviðsins gangi almennt vel og nefndi í því sambandi vetrarþjónustu, starfsemi veitna og sorphirðu. Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs fór yfir stöðu mála og sagði að starfsemin gangi vel miðað við aðstæður. Á ákveðnum stöðum hefur þurft að endurskipuleggja starfsemina m.t.t. aðstæðna s.s. veikinda o.fl. Fram kom að sálfræðingar sem starfa hjá bænum hafa boðið starfsmönnum skólanna aðstoð við þessar erfiðu aðstæður. Ákveðin óvissa er hvernig ástandið verður eftir páska.

Lagt fram yfirlit framkvæmdastjóra almannavarna um verkefni og útgáfu á leiðbeiningum til 27. mars sl.

Bæjarstjóri sagði frá því að farið er að huga að endurreisnarstarfi sem felst í að fara vel yfir hvernig við komum starfseminni í gang að nýju eftir þungt högg og er í undirbúningi hjá almannavörnum að útbúa gátlista fyrir sveitarfélagin til leiðbeiningar.

Bæjarfulltrúarnir Björg Fengler, Ingvar Arnarson, Harpa Þorsteinsdóttir og Jóna Sæmundsdóttir,

voru á fundi bæjarráðs undir þessum dagskrárlið og þá voru einnig á fundinum undir þessum dagskrárlið fulltrúar í neyðarstjórn Garðabæjar.

2. 2003362 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi aðgerðaráætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili, dags. 30.03.20.

Í bréfinu er kynnt aðgerðaráætlun fyrir sveitarfélög til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili en um er að ræða aðgerðir vegna eftirfarandi þátta.

Fasteignagjöld og gjaldskrár.
Framkvæmdir.
Atvinnuátaksverkefni og vinnumarkaður.
Markaðsátak í ferðaþjónustu.
Laga og reglugerðarbreytingar og skattheimtu.

Umræða var um aðkomu ríkisins varðandi stuðning við sveitarfélögin í þátttöku þeirra í viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili.

3. 2004031 - Bréf ÍSÍ varðandi áhrif Covid19 á íþróttahreyfinguna, dags. 01.04.20.

Í bréfinu er beint hvatningu til sveitarfélaga sem bakhjarls íþrótt- og ungmennahreyfinga að eiga samtál við sín félög og styðja þau í gegnum erfiða tíma sem geta verið framundan við að hefja íþróttastarf að nýju.

Bæjarstjóri sagði frá beiðnum íþróttafélaga um að fá greiðslur fyrr innan ársins í samræmi við gildandi samninga.

Bæjarráð vísar bréfinu til íþrótt- og tómstundaráðs.

4. 2001499 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfi) vegna lóðarinnar við Eikarás 10.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn með vísan til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Ásahverfis vegna lóðarinnar við Eikarás 10. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga og bærust engar athugasemdir. Breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

5. 1902106 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi skipulag útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum sem fólkvangs.

Lögð fram til kynningar.

6. 1804367 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 - Vífilstaðaland-rammahluti aðalskipulags.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr. 36. gr. sömu laga tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar sem nær til þróunarsvæðis B, rammahluti aðalskipulags og til Vífilstaðahrauns (Svínahrauns). Tillagan skal send Skipulagsstofnun til athugunar samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Tillagan skal liggja frammi hjá Skipulagsstofnun og bæjarskrifstofunum. Tillagan skal auglýst á vef Garðabæjar og þar skal koma fram að hægt er að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests.

7. 1910311 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla, samkvæmt 1. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 3. mgr. 41. gr. sömu laga. Tillagan skal send til meðferðar Skipulagsstofnunar en engar

athugasemdir bárust við tillöguna í athugasemdafresti auglýsingar.

Samþykkt tillaga skal send til afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs þar sem um er að ræða sameiginlegt skipulag Kópavogs og Garðabæjar fyrir Kjóavelli.

8. 2001464 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Bæjargils vegna atvinnuhúsalóðar við Gilsbúð.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Bæjargils sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits og stækkun lóðar við Gilsbúð 9 verði kynnt íbúum og hagsmunaaðilum á íbúafundi eða annan fullnægjandi hátt, sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

9. 1912107 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu um breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts eystra vegna lóðarinnar við Hraunhóla 8.

Lögð fram.

10. 2001465 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra vegna breytinga á landnotkun lóða við Bergás og Brekkuás fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis) sem gerir ráð fyrir breytingu á landnotkun óbyggðra lóða við Bergás og Brekkuás verði kynnt íbúum og hagsmunaaðilum á íbúafundi eða annan fullnægjandi hátt sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Við Bergás er gert ráð fyrir að lóð fyrir hverfismiðstöð verði breytt og stækkuð í lóð fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk.

Við Brekkuás er gert ráð fyrir að lóð fyrir leikskóla verði breytt í lóð fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk og í opið svæði fyrir leikvöll.

11. 2003384 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Silfurtúns vegna lóðarinnar við Aratún 36.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Silfurtúns í tilefni umsóknar um stækkun byggingareits á lóðinni við Aratún 36, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Tillagan skal grenndarkynnt eigendum Aratúns 19, 21, 23, 34, 38.

12. 2004036 - Áskorun Samtaka um betri byggð (BB) til borgaryfirvalda í Reykjavík frá 28. febrúar 2020.

Lögð fram og vísað til kynningar í skipulagsnefnd.

13. 2003455 - Ályktun frá Landsambandi eldri borgara, dags. 25.03.20.

Lögð fram og vísað til umfjöllunar í öldungaráði.

14. 2003486 - Bréf Matvælastofnunar varðandi veirusjúkdóm í kanínum, dags. 26.03.20.

Bæjarráð vísar bréfinu til tækni- og umhverfissviðs.

15. 2003281 - Opnun tilboða í eftirlit með framkvæmdum við gatnagerð í Eskiási.

Eftirfarandi tilboð bárust.

Hnit hf. kr. 7.440.000

VSÓ Ráðgjöf ehf. kr. 9.757.000

VSB verkfræðistofa ehf. kr. 9.283.475

Verkís hf. kr. 8.906.300

Strendingur ehf. kr. 7.437.500
Efla hf. kr. 7.895.000

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda, Strendings ehf. með fyrirvara um að um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og felur bæjarverkfræðingi afgreiðslu málsins. Vakín er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um tóku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærufndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

16. 2004033 - Bréf rekstrarstjóra Garðaholts varðandi viðhald húsnæðis, dags. 01.04.20.

Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra í tengslum við tillögur um flýtingu viðhaldsverkefna samkvæmt aðgerðaráætlun í tengslum við áhrifa vegna Covid19.

17. 2003473 - Tilkynning samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um ákvörðun varðandi skil á ársreikningum sveitarfélaga, dags. 27.03.20.

Lögð fram.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 7. apríl 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Skipulagsnefnd Garðabæjar

4. fundur 2020

Föstudaginn 3. apríl 2020 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fjarfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2001465 - Lóð fyrir búsetukjarna

Lagðar fram tillögur að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis) sem gerir ráð fyrir tveimur staðsetningum fyrir búsetukjarna fyrir fatlaða við Brekkuás annarsvegar og Bergás hinsvegar.

Við Bergás gerir tillagan ráð fyrir því að lóð fyrir hverfismiðstöð við enda götunnar breytist í lóð fyrir samfélagsþjónustu þar sem reisa má einnar hæðar byggingu fyrir 6-7 íbúðum. Gert er ráð fyrir 11 bílastæðum á lóð, þar af 2 fyrir fatlaða.

Við Brekkuás breytist leikskólalóð í sömu not og við Bergás með sömu ákvæðum.

Tillagan gerir ráð fyrir leiksvæði norðar á opna svæðinu.

Skipulagsnefnd vísar tillögunum til forkynningar í samræmi við 3.mgr.40.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

2. 1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-rammahluti.

Ráðgjafateymi Batterísins, Landslags og Eflu gerði grein fyrir tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til þróunarsvæðis B auk

Vífilstaðahrauns. Tillagan er sett fram sem rammahluti Aðalskipulags. Einnig er lögð fram umhverfisskýrsla. Forkynning hefur farið fram. Skipulagsstjóri gerir grein fyrir ábendingum og sem hafa borist tækni-og umhverfissviði og samtali sem hefur átt sér stað síðan að forkynningu lauk.

Tillögunni hefur verið breytt talsvert frá auglýstri tillögu, m.a. hafa mörk á milli íþróttasvæðis (golfvallarsvæðis) og opins svæðis (Skógræktarsvæðis) verið dregin nákvæmar til að taka tillit til trjágróðurs í Smalaholti m.a. í trjásýnreit. Einnig hefur svæði sem skilgreint er sem kirkjugarður í Rjúpnadal verið minnkað umtalsvert.

Tillögunni vísað til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.36.gr. og 31.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 og skal hún send Skipulagsstofnun til athugunar.

3. 1906192 - Hnoðraholt norður deiliskipulag

Tillögu vísað til frekari úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni og umhverfissviði.

4. 1910293 - Vetrarmýri, dsk blandaðrar byggðar.

Tillögu vísað til frekari úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni og umhverfissviði. Baldur Ó. Svavarsson leggur fram eftirfarandi bókun: "Fulltrúi minnihlutans gerir athugasemd við útfærslu bílageymslubygginga meðfram Reykjanesbraut eins og hún er sett fram í þeim tillögum af deiliskipulagi Vetrarmýrar sem kynntar hafa verið. Ef lóðarhafar kjósa að byggja bílageymslur í kjöllurum húsanna verður til afgangssvæði meðfram Reykjanesbraut sem vandséð hvernig verður nýtt. Ekki verður séð hvernig samspil við bílastæðapörf íþróttamannvirkja og annarar starfsemi á svæðinu getur orðið."

5. 1910294 - Rjúpnadalur, dsk kirkjugarðs og meðferðarstofnunar.

Tillögu vísað til frekari úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni og umhverfissviði.

6. 1912201 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 4. Stígakerfi í Upplandi

Þráinn Hauksson landlagsarkitekt hjá Landslagi ehf gerðir grein fyrir vinnu við mótun tillögu að breytingum á stígakerfi í Urriðakots og Setbergslandi. Vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjafa og tækni- og umhverfissviði og til kynningar í umhverfisnefnd.

7. 2002351 - Litlabæjarvör 19 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram byggingarleyfisumsókn um einbýlishús á lóðinni Litlabæjarvör 19 ásamt minnisþuntum byggingarfulltrúa. Í deiliskipulagi er ekki kveðið á um það sérstaklega hvort þakskyggni getin náð út fyrir byggingarreit. Skipulagsnefnd er sammála um að túlka beri deiliskipulagsskilmála þannig að þakskyggni geti náð allt að 60 cm út fyrir byggingarreit.

8. 2003196 - Vesturtún 25 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn um stækkun byggingarreits í átt að göngustíg. Vísað til frekari skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði.

9. 2001499 - Eikarás 10 - dsk breyting, garðskáli

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Hraunsholts vestra (Ásahverfi) sem gerir ráð fyrir byggingareit fyrir garðskála að lokinni grenndarkynningu. Engar athugasemdir bárust. Tillagan skoðast því samþykkt.

10. 2003384 - Aratún 36 - stækkun byggingarreits - Ósk um dsk breytingu

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits bílageymslu um 1,5 m til norðurs.

Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Silfurtúns og vísar til grenndarkynningar í samræmi við 2.mgr.43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010. Grenndarkynna skal eigendum Aratúns 19, 21, 23, 34 og 38.

11. 1912107 - Hraunhólar 8, breyting á deiliskipulagi Hraunholts eystra

Lögð fram tillaga að skiptingu lóðarinnar í tvær einbýlishúsalóðir.

Skipulagsnefnd hafnar tillögunni að svo stöddu og vísar því til skipulagsstjóra að deiliskipulag við Hraunhóla verði skoðað heildstætt.

12. 1811323 - Smáraflöt 4 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir því að hámarkslengd brunaveggs á lóðarmörkum sé 18 m í stað 7,5 m.

Skipulagsstjóri fór yfir byggingarleyfi sem veitt hafa verið undanfarna áratugi þar sem

brunaveggur á lóðarmörkum er lengri en 7,5 m.

Skipulagsnefnd leggur áherslu á að svo langur veggur á lóðarmörkum sem brotinn upp og dregið úr einsleitni hans.

13. 2001464 - Gilsbúð 9, stækkun á lóð og byggingareit - breytt deiliskipulag Gilsbúðar 9

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Bæjargils sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits og lóðar til norðurs fyrir atvinnuhúsnæði. Svæðið yrði þó innan athafnasvæðisins 3.20 At eins og það er skilgreint í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 3.mgr.40.gr.SKipulagslaga nr.123/2010.

Baldur Ó. Svavarsson vék af fundi undir þessum lið.

14. 2003355 - Austurhraun 5 - Stækkun byggingarreits

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Molduhrauns sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits að Austurhrauni 5.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til umsagnar deiliskipulagshöfundar.

Baldur Ó. Svavarsson vék af fundi undir þessum lið.

15. 1910311 - Kjóavellir-Garðabæjarhluti, dsk breytingar

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu að lokinni auglýsingu en athugasemdafresti lauk 30.mars.

Engar athugasemdir bárust.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 og vísar afgreiðslunni til bæjarstjórnar. Tillagan skal einnig send skipulagsráði/bæjarstjórn Kópavogsbæjar til afgreiðslu þar sem að um sameiginlegt deiliskipulag Garðabæjar og Kópavogs er að ræða.

16. 1902106 - Friðlýsingar - samstarf við Umhverfisstofnun

Lögð fram skýrsla sem Alta ehf hefur unnið fyrir hönd Styrktar-og líknarsjóðs Oddfellowa um áhrif golfbrauta í Urriðavatnsdölum og í fyrirhuguðum fólkvangi í Urriðakotshrauni. Lögð fram bókun umhverfisnefndar um skýrsluna.

Skipulagsnefnd tekur undir bókun umhverfisnefndar.

Tillögu vísað til umsagnar hjá Umhverfisstofnun og hjá samráðsteymi um friðlýsingar í Garðabæ.

17. 2003349 - Ferðavenjukönnun fyrir höfuðborgarsvæðið 2019

Málinu frestað til næsta fundar.

18. 2003302 - Breyting á reglugerð um framkvæmdaleyfi í samráðsgátt

Lagt fram. Vísað til skoðunar hjá tækni-og umhverfisviði.

19. 2003255 - Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024. Endurskoðun - Breyting á aðalskipulagi - Fannborgarreitur - Traðarreitur-vestur. Vinnslutillaga

Vísað til skoðunar hjá tækni-og umhverfisviði. Kynna þarf betur hvaða áhrif tillagan hefur á flæði umferðar og almenningsgangna.

20. 2003034F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3

Lögð fram.

20.1 2003196 - Vesturtún 25 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3

Lögð fram umsókn um breytingu deiliskipulags Vesturtúns sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits til suðausturs um 11 m². (1,5x 7,4) Fjarlægð byggingarreits frá lóðarmörkun er 3m en verður 1,5 m eftir breytingu.

Umsókninni er vísað til skipulagsnefndar.

20.2 2003435 - Norðurtún 23, hækkun þaks, dsk br

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa hvort heimilað verði að hækka rishæð húss um 70-80 cm. Samkvæmt skipulagsskilmálum er húsið að Norðurtún 23 að hluta til 2 hæðir. Þar sem umrætt ákvæði er til staðar fyrir þetta hús er það svar skipulagsstjóra að hækkun rishæðar sé í samræmi við skilmála Túnahverfis á Álftanesi.

20.3 2003218 - Heiðarlundur 18 - breyting - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingar að Heiðarlundi 18. Allar stækkanir eru í innan byggingarreits eins og hann er settur fram á mælíblaði en hámarkshæð húss fer 20 cm yfir leyfilega hæð samkvæmt samþykktu deiliskipulagi.

Skipulagsstjóri mælir með því að beðið verði með veitingu byggingarleyfis þangað til að deiliskipulag hefur tekið gildi.

20.4 2002350 - Hvannakur 7 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3

Lögð fram tillaga að byggingarleyfisumsókn sem er ekki í samræmi við breytingu deiliskipulags sem grenndarkynnt var sl haust. Skipulagsstjóri bendir á að sækja þarf um deiliskipulagsbreytingu að nýju sem verður lögð fyrir skipulagsnefnd.

20.5 1907083 - Víkurgata 19 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags að lokinni grenndarkynningu. Engar athugasemdir bárust. Tillagan skoðast því samþykkt.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

20.6 2003254 - Fluguvellir 4 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir lóðina Fluguvellir 4 sem gerir ráð fyrir því að þakkvistir verði heimilaðir.

Skipulagsstjóri metur breytinguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Kjóavalla og vísar til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum lóðanna Fluguvelli 3 og 5 og Dreyravelli 3, 4 og 5.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

20.7 2001242 - Hraungata 44 -Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 3

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir Hraungötu 44 og 46 sem gerir ráð fyrir tæknirýmum í kjallara sem veldur því að hámarksbyggingarmagn eykst um 30 m² fyrir hvort hús.

Þar sem að um gluggalaus tæknirými á neðri hæð eru að ræða eru grenndaráhrif rýmanna engin.

Skipulagsstjóri ekki ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
22. fundur 2020

Miðvikudaginn 8. apríl 2020 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fjarfundar samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. mars 2020.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilsstaðaland-rammahluti.

Ráðgjafateymi Batterísins, Landslags og Eflu gerðu grein fyrir tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til þróunarsvæðis B auk Vífilsstaðahrauns. Tillagan er sett fram sem rammahluti Aðalskipulags. Einnig er lögð fram umhverfisskýrsla. Forkynning hefur farið fram. Tillögunni hefur verið breytt talsvert frá auglýstri tillögu, m.a. hafa mörk á milli íþróttasvæðis (golfvallarsvæðis) og opins svæðis (Skógræktarsvæðis) verið dregin nákvæmar til að taka tillit til trjágróðurs í Smalaholti m.a. í trjásýnireit. Einnig hefur svæði sem skilgreint er sem kirkjugarður í Rjúpnadal verið minnkað umtalsvert.

2. 1912201 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 4. Stígakerfi í Upplandi

Þráinn Hauksson skipulagsráðgjafi hjá Landslagi ehf gerðir grein fyrir vinnu við mótun tillögu að breytingum á stígakerfi í Urriðakots og Setbergslandi. Vísað til úrvinnslu hjá skipulagslagsráðgjafa og tækni-og umhverfissviði.

3. 1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes

Skipulagsráðgjafarnir, Þráinn Hauksson og Ómar Ívarsson hjá Landslagi kynntu drög að tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem byggir á tillögu að deiliskipulagi Norðurness.

4. 1803108 - Norðurnes Álftaness, deiliskipulag

Skipulagsráðgjafarnir, Þráinn Hauksson og Ómar Ívarsson hjá Landslagi ehf kynnti drög að tillögu að deiliskipulagi Norðurness á Álftanesi.

5. 1910408 - Umsóknir í framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2020

Umsókn Garðabæjar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna stígs í Heiðmörk var synjað.

6. 2003349 - Ferðavenjukönnun fyrir höfuðborgarsvæðið 2019

Ferðavenjukönnun fyrir höfuðborgarsvæðið 2019 lögð fram. Jákvætt að sjá að hlutdeild vistvænna samgangna hefur aukist.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

254. fundur 30. mars 2020

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis mánudaginn 30. mars 2020. Fundarstaður var skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ og hófst fundurinn kl. 16:30.

Mættir voru nefndarmennirnir Jón Haukur Ingvason, Elínbjörg Ingólfsdóttir og Ingibjörg Hauksdóttir, jafnframt voru nefndarmennirnir Gnýr Guðmundsson, Linda Hrönn Þórisdóttir og Sigurður Grétarsson tengdir inná fundinn með fjarfundarbúnaði. Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

1. Fyrirkomulag funda heilbrigðisnefndar

Heilbrigðisnefnd samþykkir óháð ákvæðum samþykktu um heilbrigðisnefnd, notkun fjarfundarbúnaðar á fundum heilbrigðisnefndar. Skulu allir fundir heilbrigðisnefndar, frá deginum í dag til 1. júlí 2020 eða þar til önnur ákvörðun verður tekin, haldnir með fjarfundarbúnaði þannig að allir fundarmenn taki þátt gegnum slíkan búnað, óháð því hvort fjarlægðir séu miklar eða samgöngur erfiðar. Þá skal staðfesting fundargerða á sama tíma, þrátt fyrir ákvæði 10. og 11. gr. leiðbeininga innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða nr. 22/2013, fara fram með tölvupósti. Fundargerðir verði undirritaðar með hefðbundnum hætti að tímabilinu loknu sé þess kostur. Ákvörðun þessi er tekin með vísan í heimild í VI. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 1., 2., og 5. tl. auglýsingar um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, dags. 13. mars 2020.

2. Skipulagsmál

2.1 Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, Hraunum vestur. Með bréfi dagsettu 19.2.2020 óskar Skipulags- og umhverfispjónusta Hafnarfjarðar umsagnar um áformaðar breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin nær til 10 ha. reits í Hraunum vestur (ÍB2). Athugasemdarfrestur var til 24.03.2020 og veitti heilbrigðiseftirlitið umsögn.

Bókun heilbrigðisnefndar:

Heilbrigðisnefnd tekur undir umsögn heilbrigðiseftirlits og gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsingu vegna áformaðrar breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er varðar Hraun – vestur reitur ÍB2.

Í greinagerðinni kemur fram að á svæðinu er nokkur fjöldi fyrirtækja sem eru með starfsleyfi heilbrigðisnefndar vegna sinnar starfsemi. Við veitingu starfsleyfa er litið til eðli starfseminnar, líkleg áhrif hennar í nærumhverfi og staðsetningu. Gildistími starfsleyfa á íbúðarsvæðum (ÍB2) og á miðsvæðum (M4) er að hámarki til fjöggra ára enda ekki flokkuð sem verulega ónæðissöm eða umtalsvert mengandi, en leyfi er hægt að endurnýja ef starfsemin uppfyllir reglur.

Þá er vakin athygli á að þar sem skipulag gerir ráð fyrir blandaðri byggð íbúða, verslunar og þjónustu er mikilvægt að hugað sé að því að gerðar séu ítarlegar kröfur til atvinnuhúsnæðis með

hliðsjón af mengun, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar. Einnig verði hugað að aðgreiningu sameigna íbúða frá atvinnutengdum rýmum. Þá vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á að nauðsynlegt er við framkvæmdir á svæðinu sé tekið tillit til þeirrar starfsemi sem er í gangi.

2.2. Vinnslutillaga á breytingu á gildandi aðalskipulagi Kópavogs 2016- 2024.

Með erindi dagsettu 13.03.2020 óskar Bjarki Valberg f.h. skipulagsstjóra Kópavogs eftir umsögn heilbrigðisnefndar um vinnslutillögu að breytingu á gildandi aðalskipulagi Kópavogs 2016-2024. Í breytingartillögunni flest þróun og þétting byggðar á Fannborgarreit og Traðarreit-vestur.

Bókun heilbrigðisnefndar:

Heilbrigðisnefnd Heilbrigðiseftirlitið ítrekar fyrri bókun heilbrigðisnefndar sem gerð var á fundi nefndarinnar þann 27. janúar 2020, þar sem sett er fram umsögn um breytingar á Fannborgarreit og Traðarreit. Jafnframt ítrekar heilbrigðisnefnd þá skoðun sína að nú þegar verði farið í hljóðvistarmælingar á svæðinu til að styrkja grundvöll hávaðakorts á svæðinu og hvetur til þess að í tillögunni verði gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum sem gripið verði til, ef hávaði reynist yfir mörkum og eins vegna þegar þekktra vandamála.

3 Starfsleyfi

Garðabær

3.1 Kirkjulundur 1, Garðabær - Leikskóli

Lögð fram umsókn Ástu Kr. Valgarðsdóttur, f.h. Leikskólans Kirkjubóls kt. 570169-6109, dags 9.03.20 þar sem sótt er um leyfi fyrir leikskóla að Kirkjulundi 1, Garðabæ. Fasteignanr.: 2072683.

Endurnýjun á starfsleyfi, breytingar á húsnæði.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinn úttekt heilbrigðisfulltrúa.

3.2 Garðatorg 6, Garðabæ - matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Hauks Más Gestssonar, f.h. Reykjavík Napolí ehf., kt. 530317-0990, dags. 16.03.2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir veitingastað og pitsugerð að Garðatorgi 6, Garðabæ. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 24.03.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

3.3 Gilsbúð 9, Garðabæ - matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Arnþórs Pálssonar, f.h. Sóma ehf, kt. 630293-2279, dags. 28.02.2020 þar sem sótt er um leyfi til matvælaframleiðslu að Gilsbúð 9, Garðabæ. Fasteignanr.: 2070190.

Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

3.4 *Smiðsbúð 3, Garðabæ, - gistiheimili*

Lögð fram umsókn Kjartans G. Björgvinssonar, f.h. Hagbyggir fasteignir ehf., kt. 650116-0700, dags. 13.03.2020 þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis að Smiðsbúð 3, Garðabæ. Fasteignanr.: 2243116. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 17.03.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og með fyrirvara um samþykka notkun fasteignar.

Hafnarfjörður

3.5 *Sorphirða, Hafnarfjörður - sorphirða og sorpflutningur*

Lögð fram umsókn Birgis Ásgeirs Kristjánssonar, f.h. Íslenska Gámafélagið ehf., kt. 470596-2289, dags. 17.03.2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir sorphirðu og sorpflutningum á svæði heilbrigðisnefndar.

Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3.6 *Flatahraun 31, Hafnarfjörður – Konditori*

Lögð fram umsókn Gunnlaugs Arnars Ingasonar f.h. Gulla Arnar ehf. kt.490320-0240, dags. 27.03.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir konditori (kökugerð) að Flatahrauni 31 í Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinn úttekt heilbrigðisfulltrúa.

3.7 *Grandatröð 4, Hafnarfjörður- Fiskvinnsla*

Lögð fram umsókn Jóns Arnars Gestssonar f.h. Fisherman ehf. kt.611105-0960 dags. 27.03.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir vinnslu fisks og annarra sjávarafurða að Grandatröð 4, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarna- og matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

3.8 *Hafnarfjarðarhöfn, Óseyrarbraut 4 – niðurrif*

Lögð fram umsókn Úlfars Haraldssonar, f.h. Furu ehf., kt. 621281-1009, dags. 18.02.2020, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs tveggja báta á athafnasvæði Hafnarfjarðarhafnar Óseyrarbraut 4, Hafnarfirði. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er leyfið staðfest til starfseminnar til 15.04.2020.

3.9 Hvaleyrarbraut 24, Hafnarfjörður - vélsmiðja

Lögð fram umsókn Sigurðar Kristins Lárussonar, f.h. Vélsmiðjunnar Stálvík ehf., kt. 550819-1710, dags. 18.03.2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir vélsmiðju að Hvaleyrarbraut 24, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2076222.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 24.03.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

3.10 Kaldárselsvegur, Hafnarfjörður – sumarbúðir KFUM og KFUK

Lögð fram umsókn Jónu Þórdísar Eggertsdóttur, f.h. KFUM og KFUK á Íslandi kt.480889-0209 dags. 12.03.2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir að reka sumarbúðir fyrir börn á aldrinum 6-12 ára, í Kaldárseli, við Kaldárselsveg.

Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarna-, hollustuhátta- og matvælaeaglugerða og það teknu tilliti til samþykkt um vatnsvernd nr.555/2015 er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

3.11 Reykjavíkurvegur 78-80, Hafnarfjörður mötuneyti

Lögð fram umsókn Sigríðar Ingu Guðmundsdóttur, f.h. Coripharma ehf., kt. 491002-3280, dags. 05.03.2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir mötuneyti að Reykjavíkurvegi 78-80, Hafnarfirði.

Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.12.2019.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Kópavogur

3.12 Akralind 3, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Helga Harðarsonar, f.h. Bílaskjól ehf., kt. 610619-0880, dags. 03.03.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir bifreiðasmíði að Akralind 3, Kópavogi. Fasteignanr.: 2242232.

Ný starfsemi/eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 03.03.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.13 Auðbrekka 3 A, Niðurrif

Lögð fram umsókn Guðmundar, f.h. Berg Verktökum ehf., kt. 560816-1460 dags. 11.03.2020 þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs spennistöðvar að Auðbrekku 3 A, Kópavogi. Fasteignanr.: 2058795.

Með vísun til X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er leyfi til niðurrifs heimilað frá 12.03.2020 til 15.04.2020.

3.14 Dalsmári 1, Kópavogur - Smáraskóli

Lögð fram umsókn Barkar Vígþórssonar, f.h. Kópavogsbæjar kt. 700169-3759 dags 09.03.2020 þar sem sótt er um leyfi fyrir grunnskóla að Dalsmára 1, Kópavogi. Fasteignanr.: 2221711.

Endurnýjun á starfsleyfi.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeagluga er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinn úttekt heilbrigðisfulltrúa.

3.15 Hafnarbraut 25, Kópavogur – málmsmíðaverkstæði

Lögð fram umsókn Óskars Péturssonar, f.h. Klaki Tech ehf., kt. 621019-1200, dags. 03.03.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir meðferð og húðun málma að Hafnarbraut 25, Kópavogi. Fasteignanr.: 2061171.

Ný starfsemi/eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags . 04.03.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnaregluga er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.16 Hlíðasmári 8, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Tómasar Gerald, f.h. Smartco ehf., kt. 610910-0840, dags. 30.01.2020, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla frá vöruhótelu með lögheimili að Hlíðasmára 8, Kópavogi.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 26.03.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaeagluga er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.

3.17 Nýbýlavegur 54, Kópavogur – stíflubjónusta og meindýraeyðing

Lögð fram umsókn Þorsteins Garðarssonar, f.h. Stíflubjónustan ehf., kt. 471195-2359, dags. 28.02.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs stíflubjónustu og meindýraeyðingu að Nýbýlavegi 54, Kópavogi. Fasteignanr.: 2311470.

Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags . 28.02.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnaregluga er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3.18 Salavegur 2, Kópavogur – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Elfu Guðmundsdóttur, f.h. Tannlæknastofunnar EG ehf., kt. 620399-2809, dags. 17.03.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Salavegi 2, Kópavogi. Fasteignanr.: 2249435. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

4 Umsagnir

Hafnarfjörður

4.1 Fjarðargata 19, Hafnarfjörður - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 10.03.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn NB 88 ehf., kt. 480914-0230 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, fyrir veitingahús að Fjarðargötu 19, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 01.11.2020.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 30.03.2016.

4.2 Trönuhraun 10, Hafnarfjörður - Hótel, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 10.03.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Lindaberg ehf., kt. 631105-0920 þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. III, fyrir T10 hótel að Trönuhrauni 10, Hafnarfirði.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 25.04.2016.

Kópavogur

4.3 Víkurhvarf 1, Kópavogur - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 21.02.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kenzo ehf., kt. 510316-1690, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, fyrir Kenzo, 27 mathús & bar, Víkurhvarfi 1, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 22.02.2020.

Heilbrigðisnefnd staðfestir jákvæða umsögn með vísun til starfsleyfis dags. 27.01.2020

5 Fundargerðir

5.1. *Fundargerð umhverfisgæðahóps dags. 19.02.2020 lögð fram til kynningar.*

5.2. *Fundargerð hollustuháttahóps dags. 25.02.2020 lögð fram til kynningar.*

6 Annað

6.1. *Umsögn um bráðabirgðayfirlit fyrir fyrstu vatnaáætlun fyrir Ísland.*

Á fundi Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis þann 30. mars 2020 fjallaði nefndin um efni bráðabirgðayfirlits fyrir fyrstu vatnaáætlunina fyrir Ísland.

Bókun heilbrigðisnefndar:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd við bráðabirgðayfirlit fyrir fyrstu vatnaáætlunina fyrir Ísland og fagnar því að von sé á samþykktri vatnaáætlun. Nefndin telur enn fremur mikilvægt að bæði sveitarfélög og heilbrigðisnefndir hafi virka aðkomu að mótun aðgerða- og vöktunaráætlana sem löggin gera ráð fyrir.

6.2. *Bráðabirgðauppgjör Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs*

Bráðabirgðauppgjör uppgjör Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogs kynnt og helstu lykiltölur. Endurskoðað uppgjör verður lagt fram á næsta fundi nefndarinnar til samþykktar.

6.3. *Viðbragðsáætlun heilbrigðiseftirlitsins nú þegar neyðarstig almannavarna hefur verið lýst yfir.*

Lögð fram til kynningar viðbragðsáætlun heilbrigðiseftirlitsins vegna heimsfaraldur farsóttu. Jafnframt rætt um verkefni heilbrigðiseftirlitsins nú þegar neyðarstigi hefur verið lýst yfir.

6.4. *Nýsköpunarmiðstöð Íslands*

Ráðherra atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis hefur tilkynnt að starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands verði lögð niður í núverandi mynd og starfsemi hennar fundinn annar vettvangur.

Bókun heilbrigðisnefndar:

Efnagreiningar hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, hafa gengt afar mikilvægu hlutverki þegar kemur að rekstri loftgæðamælistöðva, við kvarðanir á rannsóknabúnaði, og mælitækjum auk túlkana á rannsóknagögnum og að skýrslugerðum. Einnig hefur deildin komið sterkt að ýmissi annarri umhverfisvöktun sem heilbrigðisnefnd hefur borið ábyrgð á, eða varðað hefur lýðheilsu íbúa. Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að tryggja verði áframhald á starfsemi efnagreininga við endurskipulagningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

6.5. *Úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í kærumáli Pizza-Pizza ehf.*

Lagður fram úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 30.03.2020 í kærumáli Pizza-Pizza ehf., þar sem kærð er sú ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins að viðskiptavinir skuli hafa greiðan aðgang að salerni, þegar neysla matvæla fari fram á staðnum, en að öðrum kosti skuli svo búið um hnútana að neysla matvæla á staðnum sé óheimil og borð fjarlægð af afgreiðslustöðum. Kærandi gerði þá kröfu að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Niðurstaða úrskurðarnefndar er að kærumálinu er vísað frá úrskurðarnefndinni. Nefndin lítur svo á að ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins sem kærð er, sé túlkun eftirlitsins á gildandi lögum og reglum en í því felist ekki sjálfstæð stjórnvaldsákvörðun sem leggur rekstraraðila á herðar skyldur í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnisýslulaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

Jón Haukur Ingvason

Linda Hrönn Þórisdóttir

Sigurður Grétarsson

Gnýr Guðmundsson

Ingibjörg Hauksdóttir

Elínbjörg Ingólfssdóttir

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2020, miðvikudaginn 25. mars var haldinn 382. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn fór fram með fjarfundarbúnaði og hófst kl. 09:13.

Mættir: Diljá Ámundadóttir Zoega Reykjavík, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Halla Karí Hjaltsted Kópavogi og Björg Fenger Garðabæ.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Andrés B. Andreason fjármálastjóri, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 23. mars 2020 vegna Covid-19 og aðgerðir til að draga úr rekstrarkostnaði.
2. Rætt um öryggisáætlun skíðasvæðanna og viðbragðsáætlun vegna snjóflóða.
3. Ákveðið að Diljá Ámundadóttir Zoega fari sem fulltrúi samstarfsnefndarinnar í verkefnahóp SSH vegna uppbyggingar og reksturs skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.
4. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 24. mars 2020 um stöðuna í fjöllum. Framkvæmdstjóra falið að taka saman minnisblað og lista upp þær hindranir sem orðið hafa vegna framkvæmda á skíðasvæðunum.

kl. 10:06 vék sviðsstjóri ÍTR af fundi.

Fundi slitið kl. 10:15.

Diljá Ámundadóttir

Halla Karí Hjaltsted
Rúnar Bragi Guðlaugsson
Kristín María Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson
Björg Fenger

23. mars 2020

Covid 19 og aðgerðir til að lækka rekstrarkostnað

Þegar stungið var uppá þessum lið í dagskrá fundarins var staðan sú að búið var að loka skíðaleigu og veitingasölu en lyftur opnar. Þá stóð til að fara yfir stöðuna miðað við þá stöðu. Í millitíðinni hefur lyftum verið lokað og þá breytist staðan í það að í raun er verið að leggjast í frágang fyrir sumarið.

Rekstur

Það þarf auðvitað ekki að taka það fram að lokun skíðasvæða almennt á miðjum vetri er rekstrarlegur skellur. Það má færa góð rök fyrir því að í ár sé þetta sérstaklega mikill skellur þar sem snjóbirgðir í fjöllum eru óvenju góðar og útlit fyrir mikilvæga daga, sem eru framundan, mjög gott.

Samningar og starfsfólk

Flestir starfsmenn eru ráðnir til 30. apríl, sumir til 31. maí 2020. Allir starfsmenn nema 2 eru á samningi sem gerir ráð fyrir dagvinnu og yfirvinnu. Þeir 2 sem eru á vöktum eru troðaramenn og vinna á sitthvorri vikunni á nóttunni.

- Engir samningar verða styttnir en starfsfólki að sjálfsögðu boðið að hætta sjálft séu aðstæður hjá þeim þannig að þau vilja komast í aðra vinnu eða eftir atvikum til síns heima.
- Yfirvinna er ekki í boði

Verkefni

Næg verkefni eru í Bláfjöllum og Skálafelli. Göngubrautir verða troðnar á hverjum degi sem veður leyfir en að öðru leiti er heilmikill frágangur sem þarf að eiga sér stað. Dæmi um slíkt er:

- Box á lyftum fjarlægð og smurð
- Lyftur smurðar og almennt viðhald
- Viðhald í skála
- Yfirfara allan skíðaleigubúnað
- Vorviðhald á tækjum og troðurum
- Frágangur í skemmu, lyftuhúsum ofl.
- Þrif á skála og skil á söluvöru sem hægt er að skila

Virðingarfyllst,

Magnús Árnason

24. mars

Staðan í fjöllumum eftir janúar og febrúar 2020.


Tekið saman af Andrésí.

	Fjárhæð	Áætlun	Frávik
Tekjur	-110.823.814	-50.666.159	60.157.655
Laun og launatengd gjöld	65.820.641	57.192.452	-8.628.189
Annar rekstrarkostnaður	65.281.863	32.454.623	-32.827.240
	20.278.690	38.980.917	18.702.227

	Raun 2020	Raun 2019	Frávik
Tekjur	-110.823.814	-96.312.089	14.511.726
Laun og launatengd gjöld	65.820.641	55.012.721	-10.807.920
Annar rekstrarkostnaður	65.281.863	74.806.665	9.524.802
	20.278.690	33.507.298	13.228.608

Opnunardagar og gestir 2019 og 2020

Sjá meðfylgjandi Excel skjal.



Reykjavíkurborg

10.6 Aðsókn að skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins 1998-2020

	Bláfjöll		Hengill		Skálafell		Samtals		Fjöldi pr opnunardag
	Fjöldi	Opnunar dagar	Fjöldi	Opnunar dagar	Fjöldi	Opnunar dagar	Fjöldi	Opnunar dagar	
Veturinn 1998-1999	43.000	72	4.492	70	26.766	36	74.258	178	417
Veturinn 1999-2000	35.069	59	4.812	61	27.144	40	67.025	160	419
Veturinn 2000-2001	26.710	33	0	5	2.094	15	28.804	53	543
Veturinn 2001-2002	22.764	26	670	32	12.185	23	35.619	81	440
Veturinn 2002-2003	35.100	40	3.200	24	9.100	35	47.400	99	479
Veturinn 2004-2005	21.277	25	3.141	3	1.232	19	25.650	47	546
Veturinn 2004-2005	33.000	56	3.100	44	11.700	30	47.800	130	368
Veturinn 2005-2006	25.349	29	Lokað	Lokað	1.500	2	26.849	31	866
Veturinn 2006-2007	27.448	29	Lokað	Lokað	0	0	27.448	29	946
Veturinn 2007-2008	59.131	67	Lokað	Lokað	16.591	52	75.722	119	636
Veturinn 2008-2009	84.599	56	Lokað	Lokað	8.296	30	92.895	86	1.080
Veturinn 2009-2010	10.000	5	Lokað	Lokað	40	Lokað	10.040	5	2.008
Veturinn 2010-2011	46.000	63	Lokað	Lokað	0	Lokað	46.000	63	730
Veturinn 2011-2012	57.942	78	Lokað	Lokað	3.088	9	61.030	87	701
Veturinn 2012-1013	73.125	72	Lokað	Lokað	3.000	2	76.125	74	1.029
Veturinn 2013-2014	58.367	74	Lokað	Lokað	10.876	20	69.243	94	737
Veturinn 2014-2015	67.104	69	Lokað	Lokað	5.078	8	72.182	77	937
Veturinn 2015-2016	83.090	88	Lokað	Lokað	12.947	12	96.037	100	960
Veturinn 2016-2017	61.678	62	Lokað	Lokað	3.656	8	65.334	70	933
Veturinn 2017-2018	68.515	73	Lokað	Lokað	8.959	16	77.474	89	870
Veturinn 2018-2019	61.297	40	Lokað	Lokað	4.935	9	66.232	49	1.352
Veturinn 2019-2020	70.882	50	Lokað	Lokað	8.594	10	79.476	60	1.325



FUNDARGERÐ STJÓRNAR

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þann 30.03.2020, kl.13:00, á skrifstofu SORPU bs. Gylfaflöt 5 og í fjarfundi.

425. fundur. Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður, fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir.

Mætt:

Birkir Jón Jónsson, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Ingason framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur. Gestur fundarins var Haraldur Flosi Tryggvason og Lovísa Anna Finnbjörnsdóttir Gestir undir lið 1 var Lárus Finnbogason, Sigrún Guðmundsdóttir, Theódór Sigurbergsson, Sif Jónsdóttir, Birgir Björn Sigurbjörnsson, Erik Bjarnason og Lovísa Anna Finnbjörnsdóttir, Gestir undir lið 2 var Birgir Björn Sigurbjörnsson, Erik Bjarnason og Lovísa Anna Finnbjörnsdóttir.

Tekið fyrir:

1. Afgreiðsla ársreiknings 2019

Theódór Sigurbergsson, endurskoðandi Grant Thornton fer yfir og kynnir ársreikning SORPU bs. fyrir árið 2019. Endurskoðandi kynnir skýrslu endurskoðanda um endurskoðunina, ábendingar og áritun endurskoðanda. Lárus Finnbogason fer yfir umsögn endurskoðunarnefndar um ársreikning 2019.

Stjórn samþykkir ársreikninginn. Skrifstofustjóri mun færa inn skannaðar undirritanir sem samlagið á frá stjórnarmönnum og endurskoðanda.

2. Tillaga fjármálateymis að aðgerðaráætlun vegna fjárhagslegrar endurskipulagningu SORPU kynnt

Birgir Björn Sigurbjörnsson kynnir vinnu fjármálahópsins. Lovísa Anna fer yfir mat sitt á gögnum og útreikningum kynningarinnar. Málið rætt.

3. Ráðstafanir í rekstri vegna sóttvarna og breyttra starfshlutfalla

Framkvæmdastjóri fer yfir stöðuna hjá SORPU vegna Covid-19. Farið er yfir sóttvarnir vegna og breytt starfshlutfall á einstaka starfsstöðum. Úrræði Vinnumálastofnunar nýtast samlaginu vel.

4. Staðan varðandi metan, nýr starfsmaður í markaðsþróun

Framkvæmdastjóri kynnir til starfa nýjan starfsmann hjá SORPU, Jón Viggó Gunnarsson, sem mun sinna markaðsþróun viðskipta með efnisstrauma sem verða til í GAJA.

Haraldur Flosi Tryggvason fer yfir stöðu Metans, lagagrundvöll ofl. um möguleika á því að sameina Metan ehf. við SORPU bs. Í dag er nánast engin starfsemi í Metan ehf. í dag. Málið rætt. au

5. Önnur mál

Framkvæmdastjóri mun koma með tillögu að formlegri opnun GAJA þegar nær dregur.

Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um lækkanði verð á endurvinnsluefnum frá Stena.

Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu mála í tengslum við móttöku sláturúrgangs í Gými á urðunarstað.

Framkvæmdastjóri gerði stjórn grein fyrir því að til þess að taka af allan vafa um að öryggis- og leyfismál væru í lagi á starfsstöð SORPU bs. í Álfsnesi hefði verið óskað álits Vinnueftirlits og Byggingarfulltrúa á tilteknum gámabyggingum sem nýttar eru til móttöku á sláturúrgangi og



reksturs hluta af lífdíselframleiðslu. Þar til að álit þessara stofnana liggur fyrir er starfsemi haldið í lágmarki.

Jafnframt gerði framkvæmdastjóri grein fyrir því að í ljós hafi komið að lausnir til urðunar sláturúrgangs sýndust brátt verða fullnýttar og að setja yrði í forgang að tryggja viðunandi framtíðartilhögun á úrvinnslu þessarar tegundar úrgangs. Sú vinna væri þegar hafin en niðurstaðan kynni að hafa áhrif á þær fjárhagslegu forsendur sem kynntar voru á fundinum.

6. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 17. apríl kl. 13:00

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 15:01

Birkir Jón Jónsson Samþykkt. Kveðja góð Birkir Jón	SV: Fundargerð 425. stjórnarfundar SORPU bs. til yfirferðar og samþykkis	þri. 31.3.2020 11:31
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Samþykkt. Kær kveðja, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi og formaður fræðslunefndar	Re: Fundargerð 425. stjórnarfundar SORPU bs. til yfirferðar og samþykkis	þri. 31.3.2020 11:45
Ágúst Bjarni Garðarsson Samþykkt	RE: Fundargerð 425. stjórnarfundar SORPU bs. til yfirferðar og samþykkis - Ítr...	mán. 6.4.2020 11:28
Jóna Sæmundsdóttir Samþykkt	SV: Fundargerð 425. stjórnarfundar SORPU bs. til yfirferðar og samþykkis	mán. 6.4.2020 08:50
Líf Magneudóttir samþykkt Bestu kveðjur - Líf Magneudóttir	SV: Fundargerð 425. stjórnarfundar SORPU bs. til yfirferðar og samþykkis - Ítr...	mán. 6.4.2020 08:45
Bjarni Torfi Álfþórsson Samþykkt	Re: Fundargerð 425. stjórnarfundar SORPU bs. til yfirferðar og samþykkis - Ítr...	þri. 7.4.2020 13:58

Tillaga um vinnureglu þegar kemur að viðburðum líkt og opnunum og upphafi framkvæmda (skóflustungum) á vegum Garðabæjar.

Flutningsmaður Ingvar Arnarson

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir þá vinnureglu að á undan eða eftir að Garðabær hefur haldið opnun eða upphaf framkvæmda (skóflustungu) fyrir meirihlutann verði önnur slík haldin fyrir minnihlutann.

Greinagerð

Mikilvægt er að tryggja jafnræði bæjarfulltrúa. Á það líka við þegar að opnanir og athafnir við upp framkvæmda á vegum sveitarfélagsins eiga sér stað. Minnihlutinn vill gjarnan fá tækifæri til að samgleðjast með starfsmönnum og íbúum líkt og hefur tíðkast hjá meirihlutanum.



Garðabær, 7. apríl 2020

Fyrirspurn um kaup á vöru og þjónustu frá stærstu birgjum á árinu 2019.

Fyrirspurn þessi varðar heildar kaup frá birgjum hvort heldur þau eru gjaldfærð eða eignfærð í bókhaldi.

Virðingarfyllst, Ingvar Arnarson Bæjarfulltrúi